

Nr. 903

17. október 2019

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hakið á Þingvöllum.

Breytingin tekur til stækkunar bílastæða og breytingar á fyrirkomulagi þeirra. Ný bílastæði, allt að 285, verða nokkru vestan við núverandi staði. Lóð og byggingarreitur starfsmannahúss (lóð C) stækka til austurs. Gert er ráð fyrir lóðum og byggingarreitum fyrir tvær nýjar salernisbyggðingar við bílastæðin utan hliðs.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. október 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2019